



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA
ÚTTEKT Á TVEIMUR FRAMHALDSNÁMSBRAUTUM:
FYRIR LYFJATÆKNA Í SJÚKRAHÚSLYFJATÆKNI OG
FYRIR SJÚKRALIÐA Í GEÐHJÚKRUN

26. MARS 2013



MEGINNIÐURSTAÐA	BLS. 3
INNGANGUR	BLS. 4
FRAMHALDSNÁMSBRAUT FYRIR LYFJATÆKNA	BLS. 6
	BLS.
ALMENNT MAT Á NÁMINU	6
STJÓRNUN NÁMSKINS OG SKIPULAG, GÆÐI, EFTIRLIT OG UTANUMHALD	6
NÁMSEFNI, KENNSLA OG NÁMSMAT	7
AÐSTAÐA TIL NÁMS OG KENNSLU	8
GILDI MENNTUNARINNAR AÐ NÁMI LOKNU	9
FRAMTÍÐ FRAMHALDSNÁMS Í SJÚKRAHÚSLYFJATÆKNI OG ÚRBÓTATILLÖGUR	10
FRAMHALDSNÁMSBRAUT FYRIR SJÚKRALIÐA	BLS. 12
ALMENNT MAT Á NÁMINU	12
STJÓRNUN NÁMSKINS OG SKIPULAG, GÆÐI, EFTIRLIT OG UTANUMHALD	12
NÁMSEFNI, KENNSLA OG NÁMSMAT	13
AÐSTAÐA TIL NÁMS OG KENNSLU	14
GILDI MENNTUNARINNAR AÐ NÁMI LOKNU	14
FRAMTÍÐ FRAMHALDSNÁMS Í SJÚKRAHÚSLYFJATÆKNI OG ÚRBÓTATILLÖGUR	15
VIÐAUKAR	BLS. 17



Framhaldsnám í sjúkrahuslyfjatækni er krefjandi nám þar sem undirbúningur bóklega og verklega námsins tókst vel. Skipulag þess og innihald virðist einnig hafa heppnast vel. Framkvæmd bóklega námsins hefur gengið ágætlega, bæði hvað kennslu og stjórnun varðar. Verklega námið gekk ekki samkvæmt áætlun, þannig að nemendur fengu ekki eins fjölbreytta þjálfun og skyldi.

Næst þegar framhaldsnámið verður kennt þarf að tryggja samvinnu við apótek Landspítalans og stjórnendur þess um næga þjálfun lyfjatækna í náminu. Mælt er með að kennslumat sé lagt fyrir í öllum áföngum, hafa ítarlegar upplýsingar um námið á vefsíðu skólans og reyna til hins ítrasta að ná samningi við háskóla um mat á náminu.

Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun er krefjandi nám þar sem undirbúningur þess tókst vel. Skipulag þess og innihald virðist einnig hafa heppnast vel. Framkvæmd námsins hefur gengið ágætlega, bæði hvað kennslu og stjórnun varðar. Örfáir smærri hnökrar finnast á náminu en gerðar eru tillögur að breytingum í lok skýrslunnar.

Næst þegar framhaldsnámið verður kennt er mælt með að hafa ítarlegar upplýsingar um námið á vefsíðu skólans og reyna til hins ítrasta að ná samningi við háskóla um mat á náminu.

Reykjavík, 26. mars 2013.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þorlákur Karlsson

Berglind Hermannsdóttir



MARKMIÐ ÚTTEKTAR

Skýrslan er um úttekt rannsóknarfyrirtækisins Maskínu á framhaldsnámi lyfjatækna í sjúkrahúslyfjatækni annars vegar og hins vegar sjúkraliða í geðhjúkrun. Hvort tveggja er kennt við Fjölbrotaskólann við Ármúla. Markmið úttektarinnar er að meta framhaldsnámið í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar ef þurfa þykir.

AÐFERÐ OG GÖGN

Leitað var víða fanga við matið á framhaldsnámsbrautunum. Gerð var könnun í nóvember-desember 2012 meðal allra nemenda og kennara framhaldsnámsbrautanna og þeir spurðir um ánægju með námið, notagildi og gæði, námskröfur, kosti og úrbætur, svo nokkur atriði séu nefnd. Nánar er fjallað um niðurstöðurnar víða í þessari skýrslu auk þess sem að þær fylgja í viðauka. Þá voru tekin djúpvíðtöl við örfáa valda stjórnendur, kennara, leiðbeinendur, nemendur og hagsmunaaðila í félögum sjúkraliða og lyfjatækna, samtals 9 viðtöl. Einnig voru ýmis gögn rýnd, þar á meðal námskrá beggja framhaldsnámsbrautanna, kennslumat, kennsluáætlanir, námsáætlanir, áfangalýsingar, sem og nokkur próf og verkefni.

FRAMHALDSNÁMSBRAUTIRNAR

Kennsla við framhaldsnámsbrautirnar hófst í byrjun árs 2011 og stóð í tvö ár. Reiknað var með að námið væri stundað samhliða vinnu, en jafngilt einu ári miðað við fullt nám. Námið er að mestum hluta bóklegt, sem skiptist í allnokkra áfanga (12 fyrir sjúkraliða en 13 fyrir lyfjatækna). Þáttur í nokkrum sérhæfðum áföngum er verklegur og samþættur því bóklega. Verklegt nám er stærri þáttur í framhaldsnáminu fyrir lyfjatækna en sjúkraliða. Fimm áfangar eru sameiginlegir á framhaldsnámsbrautunum, en sjö sérhæfðir áfangar eru fyrir sjúkraliða og átta sérhæfðir fyrir lyfjatækna.

Sameiginlegu áfangarnir eru *Fagmennska í starfi*, *Heilbrigðisvísindi*, *Kennslufræði heilbrigðisstétta*, *Stjórnun í heilbrigðisþjónustu* og *Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar*. Í framhaldsnámi fyrir lyfjatækna í sjúkrahúslyfjatækni eru áfangarnir *Afgreiðsla lyfseðla*, *Blöndun lyfja með smitgát*, *Grunnstarfssemi*, *Lyfjainnkaup*, *Birgðastýring lyfja* og *lyfjaskömmun*, *Krabbameinslyfjablöndun*, *Blöndun lyfja* og *Sjúkrahúslyfjatækni*. Í framhaldsnámi fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun eru sérhæfðu áfangarnir *Geðsjúkdómafræði*, *Geðhjúkrun I-IV*, *Klínísk sálfræði* og *Lyfjafæði geðsjúkdóma*.

Námið er í báðum tilvikum að mestum hluta á 4. hæfniprepi framhaldsskólans (rífflega 70%), en að minni hluta á 3. hæfniprepi (tæplega 30%). Merking þrepanna er sú að 4. hæfniprep er á mörkum framhaldsskóla og háskóla en 3. prep er í framhaldsskóla. Átta áfangar í framhaldsnámi í sjúkrahúslyfjatækni eru á 4. hæfniprepi og sjö í framhaldsnámi fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun. Fimm áfangar á báðum brautum eru á 3. prepi. Vonir stóðu til þess að áfangarnir sem eru á 4. hæfniprepi yrðu metnir af háskóla til ECTS eininga en hefur ekki enn fengist metið.

Gerðar voru þær forkröfur fyrir framhaldsnám lyfjatækna að nemendur urðu að hafa lokið lyfjatæknanámi og hafa unnið við greinina með starfsréttindi í 2 ár að lágmarki. Á hinn bóginn voru forkröfur til nemenda í framhaldsnámi fyrir sjúkraliða að hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa unnið við greinina með starfsréttindi í 3 ár að lágmarki.

Í upphafi árs 2011 hófu 22 nemendur framhaldsnámið fyrir sjúkraliða en í nóvember 2012 voru þeir 14, þar af aðeins tveir karlar. Í framhaldsnáminu fyrir lyfjatækna hófu 11 nám en voru 8 talsins í nóvember 2012 – allt konur. Fjölmargir hafa komið að kennslunni, eða 22 við framhaldsnámsbraut fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun og 13 við framhaldsnámsbraut fyrir lyfjatækna í sjúkrahúslyfjatækni. Stefnit er að því að



nýr hópur sjúkraliða hefji framhaldsnám haustið 2013 í öldrunarhjúkrun, þar sem obbi kennslunnar verður á 4. hæfniprepi eins og hjá þeim framhaldsnámsbrautum sem eru viðfang þessarar skýrslu.

Í framhaldinu skiptist skýrslan í tvo meginkafla, þar sem fjallað er um hvora framhaldsnámsbraut fyrir sig. Þannig eru brautirnar metnar skv. fyrirliggjandi gögnum, djúpvíðtölunum og könnuninni og í lok hvors kafla eru tillögur til úrbóta. Margt er svipað í köflunum tveimur, þar sem ýmislegt er sameiginlegt á framhaldsnámsbrautunum, en mikilvægt þótti að matið á hvorri braut fyrir sig væri sjálfstætt og því er það í sitt hvorum undirkaflanum. Í viðauka eru niðurstöður könnunar meðal nemenda og niðurstöður könnunar meðal kennara.



ALMENNT MAT Á NÁMINU

Þegar skoðuð eru öll gögn í úttektinni má sjá að almennt hefur tekist vel til með þetta framhaldsnám í sjúkrahúslyfjatækni, með örfáum undantekningum – sjá þær síðar. Allir nemendurnir voru almennt ánægðir með það (fremur eða mjög ánægðir) og allir kennarar einnig ánægðir, af þeim sem tóku afstöðu, nema einn sem var á milli þess að vera ánægður og óánægður. Þetta er samkvæmt könnun sem gerð var á meðal nemenda og kennara undir lok námsins fyrir jólin 2012 (finna má niðurstöður könnunarinnar í heild í viðauka). Þá uppfyllti námið væntingar allra nemenda vel og allir nema einn töldu gæði námsins mikil (einn sagði í meðallagi mikil eða lítil). Sex af átta kennurum sem tóku afstöðu töldu gæði námsins mikil en tveir sögðu gæðin í meðallagi mikil eða lítil.

Helmingur nemenda (fjórir) sagði að námið væri fremur skilvirkt, tveir að það væri fremur óskilvirkt, og tveir að það væri í meðallagi skilvirkt eða óskilvirkt. Þá töldu allir kennarar sem tóku afstöðu nema einn að stjórnun námsins væri fagleg. Nemendur og kennarar nefna og ýmsa kosti þess í opinni spurningu, til að mynda að námið hafi aukið færni, hæfni, fagmennsku, skilning og víðsýni nemenda í starfi. Á móti nefndu nokkrir nemendur að bæta þyrfti skipulag í verknáminu og ferilbækurnar. Kennarar sögðu í opinni spurningu að námið væri krefjandi og metnaðarfullt. Þrjú af fjórum kennurum sem svörðuðu opinni spurningu um hvað mætti helst bæta nefndu verklega námið (sjá meira um það síðar).

Lyfjatækninemandi, kona, sagði að hún hafi lært ótrúlega mikið í krefjandi námi – var almennt mjög ánægð með áfangana. Það sem olli á hinn bóginn vonbrigðum var annars vegar verknámið og hins vegar að ekki hafi tekist að meta námið til ECTS-eininga.

Námsskrá framhaldsnámsins í sjúkrahúslyfjatækni er vel unnin og almennt skipulag er skýrt. Áfangalýsingar eru allitarlegar, og lokamarkmið eru sett, bæði fyrir námið í heild sinni og fyrir hvern áfanga. Námsmat er almennt fjölbreytt – bæði verkefni og próf lögð fyrir – en kennslumat í sérhæfðum áföngum fyrir lyfjatækna, sem kenndir voru á þremur fyrstu önnunum af fjórum, var ekki lagt fyrir.

Segja má að þrennt sé helst undantekning á almennt jákvæðu mati á framhaldsnáminu í sjúkrahúslyfjatækni. Það fyrsta er að ekki fékkst samvinna við háskóla um mat á því til ECTS-eininga. Reikna má með að erfitt verði um vik að fá háskólana til að viðurkenna námið, þar sem gera má ráð fyrir því að stjórnendur þeirra hafi nóg með að tryggja gæði eigin náms. Að taka þá ábyrgð á þessu námi með að meta það til ECTS eininga kallar sennilega á allnokkra vinnu af hálfu viðkomandi háskóla, sem fælist í samvinnu á mörgum sviðum um undirbúning námsins og framkvæmd þess. Í öðru lagi er enn ekki ljóst hvaða gildi námið hefur fyrir nemendur hvað snertir laun og ábyrgð í starfi að því loknu. Það er eitthvað sem nemendur verða að berjast fyrir. Í þriðja lagi er verknámið en vegna aðstæðna á Landspítalanum var ekki hægt að þjálfva nemendur á öðrum sviðum en því sem þeir störfuðu á.

STJÓRNUN NÁMSINS OG SKIPULAG, GÆÐI, EFTIRLIT OG UTANUMHALD

Frumkvæði að framhaldsnáminu í sjúkrahúslyfjatækni kom frá Landspítalanum a.m.k. tveimur árum áður en það hófst í byrjun árs 2011. Sennilega var aðdragandinn lengri, þar sem nemandi í djúpvíðtali sagði að hún hafi heyrt rætt um þennan möguleika í mörg ár. Að meginundirbúningnum komu lyfjafræðingar frá Landspítala, Fjölbrotaskólanum við Ármúla, lyfjatæknar og fulltrúi frá starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina. Í byrjun árs 2010 fór nefnd til Skotlands að kynna sér nám þar, en tengsl hafa verið við Skota í lyfjafræði og lyfjatækni um nokkurra ára skeið. Námskrá var samin, nemendur valdir og kennarar ráðnir. Kennslustjóri lyfjatækniþrautar Fjölbrotaskólans við Ármúla stjórnaði síðan bóklega náminu þær fjórar annir sem það stóð yfir, en hann ásamt lyfjafræðingi á Landspítala báru hitann og þungann af undirbúningnum.



Öll gögn málsins benda til þess að engu sé ábótavant sem máli skiptir í skipulagi og stjórnun bóklega námsins. Einn hópur nemenda stundar námið í senn. Hópurinn inniheldur tiltölulega fáa nemendur og kennara á hverri önn. Eins og fyrr segir töldu allir nemendur nema einn að gæði námsins væru mikil. Þeir töldu námið þó ekki mjög skilvirkt, en af djúpvíðtölum og svörum við opnum spurningu er ljóst að það stafar af vanda Landspítalans að geta sinnt verklegri kennslu lyfjatækna. Sömu sögu nefndu kennarar um gæði námsins (enginn sagði að gæðin væru lítil) og enginn kennari, af þeim sem tóku afstöðu, sögðu stjórnun námsins vera ófaglega (8 af 9 sem svöruðu spurningunni, en 4 svöruðu ekki könnuninni).

Ekkert kom fram í djúpvíðtölum um að stjórnun bóklega námsins væri ábótavant í meginatriðum – enn er þó minnt á vanda Landspítalans að skipuleggja verknámið. Huga þarf þó að því að tryggja kennslumat í öllum áföngum framhaldsnámsins í sjúkrahúslyfjatækni. Fram kom í viðtölunum að aðkoma nemenda að stjórnun, utanumhaldi, gæðum eða að koma á framfæri kvörtunum er ekki formleg. Á hinn bóginn er augljóst að það reyndist nemendum mjög auðvelt að koma sjónarmiðum sínum eða kvörtunum á framfæri við stjórnanda framhaldsnámsins í sjúkrahúslyfjatækni sem og við kennara. Ekki er talin ástæða til að setja samskipti nemenda og stjórnanda námsins í formlegan farveg þegar fáir nemendur eru í náminu.

NÁMSEFNI, KENNSLA OG NÁMSMAT

Aðspurðir í könnuninni sögðu allir nemendur framhaldsnámsins í sjúkrahúslyfjatækni nema einn að námið væri krefjandi – þessi eini taldi það í meðallagi mikið/lítið krefjandi. Sex af átta sögðu það mjög krefjandi. Þá sögðu allir átta að námsmatið væri almennt sanngjarnt í áföngunum, þrír sögðu mjög sanngjarnt og fimm fremur sanngjarnt. Í opnum spurningum í lok könnunar sagði nemandi að flestir kennarar væru góðir, að námið væri krefjandi, að verkefnavinnan hefði einnig verið mjög krefjandi og þroskandi að kynna niðurstöður. Og annar nemandi sagði að námið hefði aukið þekkingu hans á fagmennsku greinarinnar. Þrír nemendur sögðu í opinni spurningu um hvað mætti bæta helst að verknámið hefði ekki tekist sem skyldi og tekið var undir það í sumum djúpvíðtölum. Þá nefndu fjórir nemendur í sömu opnu spurningu að laga þyrfti ferilbækurnar. Fleiri áhugaverð svör við opnu spurningunum um kosti námsins og úrbætur er að finna í niðurstöðum könnunarinnar í viðauka.

Fimm af níu kennurum sem svöruðu könnuninni sögðu eigið námsefni í meðallagi mikið eða lítið krefjandi, þrír sögðu það fremur mikið krefjandi og einn fremur lítið krefjandi. Enginn sagði það mjög mikið krefjandi. Þá sögðu sex af sjö sem svöruðu að áherslur þeirra og markmið í áfanganalýsingu spegluðust vel í námsmati (þrír fremur vel og þrír mjög vel), en einn sagði það speglast fremur illa. Síðan sögðust sex kennarar af átta sem svöruðu vera almennt ánægðir með áfanganalýsinguna í þeim áfanga sem þeir kenndu (þrír fremur ánægðir og þrír mjög ánægðir), einn sagðist vera í meðallagi ánægður eða óánægður og einn að hann þekkti ekki áfanganalýsinguna.

Í opinni spurningu um helstu kosti námsins sagði einn kennari að námið væri krefjandi fyrir lyfjatækna. Í annarri spurningu um það sem helst mætti bæta nefndu þrír kennarar af fjórum sem tjáðu sig að verknámið þyrfti að bæta og skipuleggja þannig að nemendur fengju þjálfun í öllum helstu þáttum starfsins. Þrátt fyrir mikinn vilja og þrautseigju lyfjafræðings á Landspítalanum, sem vann að undirbúningi og framkvæmd námsins með stjórnanda í Fjölbrotaskólanum við Ármúla, tókst því miður ekki að framkvæma verklega námið eins og ætlunin var vegna þröngrar stöðu í starfsmannamálum í sjúkrahúsapóteki Landspítalans og skorts á formlegum samningi um þjálfun lyfjatækninemanna.

Í djúpvíðtali við nemanda, konu, kom fram að hún var almennt mjög ánægð með námsefni, kennslu og námsmat í áföngum framhaldsnámsins. Hún ræddi mörg námskeiðanna á mjög jákvæðan hátt og gaf flestum kennurum háa einkunn. Þá sagði hún að námsmat hefði verið mjög fjölbreytt í flestum áföngum og próf sanngjörn.



Skýrsluhöfundur hefur undir höndum námskrá framhaldsnáms í sjúkrahúslyfjatækni, þar sem náminu er bæði lýst almennt sem og hverjum áfanga. Þar er til fyrirmyndar að bæði eru sett fram almenn lokamarkmið með framhaldsnáminu og lokamarkmið fyrir hvern áfanga. Þá liggja þar fyrir allitarlegar lýsingar á hverjum áfanga og stuttlega er fjallað um námsmat. Einnig fékk skýrsluhöfundur í hendur kennsluáætlun í flestum áföngum og dæmi um próf og verkefni í mismunandi áföngum. Þar virðist allt vera með eðlilegum hætti, en ekki gefst ráðrúm í þessari skýrslu til þess að rýna hvort námsmatið prófaði hvort lokamarkmiðum hefði verið náð. Slík rýni kallar á verulega vinnu lyfjafræðinga og annarra sérfræðinga í þeim greinum sem kenndar voru í framhaldsnáminu.

Ekkert fannst á vef Fjölbrautaskólans við Ármúla um framhaldsnámið í sjúkrahúslyfjatækni, en á vefnum undir Heilbrigðisskólinn má finna upplýsingar um framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun og þar undir er námskráin. Viðmælanda í djúpviðtali fannst þetta vera eitt dæmi um að lyfjatæknar hafi verið „olnbogabarn“ miðað við sjúkraliða að ekkert fundist um að nám þeirra hafi átt sér stað (annað dæmi nefndi hann að í sameiginlegum áföngum töluðu flestir kennaranna um að nemendur væru sjúkraliðar, ekki bæði sjúkraliðar og lyfjatæknar). Þá er ekki hægt að vísa í atriði á vef hjá þeim aðila sem sá um námið, að það hafi átt sér stað, um hvað námið sé með lýsingum, ef ske kynni að einhver vildi fá að vita af eða fræðast um þetta framhaldsnám lyfjatækna.

Athugasemd nemanda um að lyfjatæknar hafi verið „olnbogabarn“ segir kennslustjóri námsins að „...skýrist líklega af því að lyfjatæknar fengu í raun „að fljóta með“ sjúkraliðunum í almennu greinunum, þ.e.a.s. þeim var bætt við hópinn eftir á. Leyfi fékkst frá ráðuneytinu til að keyra framhaldsnámið í geðhjúkrun, en engir peningar fengust til að keyra framhaldsnámið í sjúkrahúslyfjatækni. Hins vegar fékkst styrkur frá SFR til að kenna sérgreinar í sjúkrahúslyfjatækni. Lyfjatæknarnir fundu e.t.v. fyrir þessu til að byrja með í almennu greinunum.

Svo virðist vera að kennslumat hafi ekki verið lagt fyrir nemendur í sérhæfðum áföngum í sjúkrahúslyfjatækni, fyrstu þrjár annirnar af fjórum. Eitt af því sem skiptir máli við mat á hverjum áfanga er hvað nemendur telja og hvað þeim finnst um námið og kennsluna í áfanganum og því er slíkt mat nauðsynlegt. Fyrir liggur, á hinn bóginn, kennslumat í þremur áföngum fyrir lyfjatæknana sem voru sameiginlegir framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun. Í tveimur þeirra, *Fagmennsku í starfi og Heilbrigðisvísindum*, er matið gott, eða yfirleitt á bilinu 3-4 á 19 spurningum matsins (kvarði 1-4, þar sem 4 er best) og einkunn sem kennari fékk (kvarði 0-10) er 8,8 og 8,9. Í þriðja áfanganum, *Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar*, er matið lægra þótt viðunandi sé – einkunnir á spurningunum með 1-4 kvarðann fara stundum niður fyrir 3 og einkunn sem kennari fékk er 7,7.

Opnar spurningar í kennslumatinu um styrkleika áfanga og tækifæri til úrbóta væru heppilegar þar sem þær skýra oft ástæður hás eða lágs kennslumats og geta varpað ljósi á þætti í kennslunni sem lokaðar spurningar geta ekki. Þá ber hér að vara við of sterkum ályktunum af niðurstöðu kennslumats þegar fáir nemendur meta kennslu í áfanga.

ADSTAÐA TIL NÁMS OG KENNSLU

Allir kváðu upp úr með að aðstaða til bóklegra námsins í Fjölbrautaskólanum við Ármúla væri til fyrirmyndar, bæði nemendur og kennarar. Fyrst virðist sem að kennt hafi verið í stóra sal skólans, en eftir að kennslan var færð inn í „venjulega“ kennslustofu hafi ánægja nemenda aukist, þar sem nálægð var meiri, kynni tókust við sjúkraliða í sameiginlegum áföngum og samskipti jukust. Kennt var tvisvar sinnum í viku kl. 14-18 og var almenn ánægja með þann tíma. Seinna kom í ljós að erfitt var fyrir Landspítalann að hópur lyfjatækna úr sjúkrahúsapótekinu færi úr vinnu kl. 14 á daginn, svo seinna árið hófst kennsla kl. 16. Lyfjafræðingur sem kom að kennslu og skipulagningu benti á að það vantaði stofu í Fjölbrautaskólann við Ármúla til að kenna verklega blöndun með smitgát. Þetta var leyst með að kenna á Landspítalanum en mikið af kennslu í séráföngum lyfjatæknanna fór fram þar.



Þá er rétt að geta þess hér að þar sem námið er seinni part dags verður aðstoð frá skrifstofu við nemendur og kennara ekki hin sama og við þá sem læra og starfa í hefðbundnu námi Fjölbrotaskólans við Ármúla. Nemandi nefndi einnig að seinni part dags væri erfitt að komast í fæðu eða kaffi í skólanum þegar dagskólanemendur væru farnir.

GILDI MENNTUNARINNAR AÐ NÁMI LOKNU

Allir nemendurnir í lyfjatækni sögðu í könnuninni að námið hafi uppfyllt væntingar þeirra vel, þar af þrjú mjög vel. Ekki er þó ljóst hve mikið nemendur hugsuðu um hagnýtingu námsins eða virði menntunarinnar við að svara þeirri spurningu. Að sama skapi sögðu allir nemendurnir að námið hafi nýst þeim vel til að auka hæfni þeirra og þekkingu í starfinu, þar af fimm mjög vel. Sjö kennarar af átta, sem tóku afstöðu, voru sömu skoðunar, en einn þeirra sagði að námið nýttist fremur illa.

Sjö nemendur af átta töldu að líklegt væri að þeim yrði falin meiri ábyrgð í starfi að loknu náminu, en einn taldi það í meðallagi líklegt eða ólíklegt. Sex kennarar töldu þetta líklegt, en tveir að það væri í meðallagi líklegt eða ólíklegt og einn kennari sagði að það væri fremur ólíklegt að þeim yrði falin meiri ábyrgð að námi loknu.

Nemendur nefndu ýmislegt um nýtingu framhaldsnámsins í svörum við opinni spurningu um helstu kosti þess. Til dæmis nefndu þeir að námið hafi aukið færni, hæfni og víðsýni, sem og gefið heildarsýn yfir starfið og betri skilning á því á sjúkrahúsinu. Einn nemandi sagði til dæmis að eftir svo krefjandi nám vonaðist hann til að hann yrði betri starfsmaður og fengi fleiri krefjandi verkefni og aukna ábyrgð.

Í hliðstæðri spurningu fyrir kennara sagði einn þeirra til dæmis að þar sem námið væri krefjandi fyrir lyfjatækna ættu þeir að fá aukið sjálfstraust og skilning á verkefnum í starfinu. Þá ætti námið einnig að auka víðsýni nemenda og gera þeim kleift að takast á við frekari ábyrgð. Annar nefndi aukna innsýn í lyfjafræðifagið og skilning út á hvað sjúkrahúsapótek gengur. Þriðji kennarinn nefndi að lyfjatækna fengju dýpri skilning á starfi sínu og heildarferlinum í því, sem og að læra á vinnubrögð sem koma í veg fyrir mistök í starfi. Einn kennari leit á framhaldsnámið fyrir lyfjatækna sem góða endurmenntun.

Nemandi í djúpvíðtali, kona, sagðist ekki viss um hvort hún hefði farið í framhaldsnámið hefði hún vitað að miðað við allt álagið í náminu skilar það kannski litlu í vasann (viðræður um hækkun launa eru í gangi og líkur á að hækkun verði tveir launaflokkar) og sér í lagi hefði hún ekki farið í námið hefði hún vitað að það yrði ekki metið af háskóla til ECTS-eininga. Henni fannst eins og hún hafi verið svikin þar sem þessu hafi verið lofað en svo komust nemendurnir að því skömmu fyrir útskrift að háskólar fengust ekki til að meta námið (kennslustjóri námsins sagði að þáverandi skólameistari FÁ, Gísli Ragnarsson, hafi talað um að reynt yrði að fá háskóla til að meta það, en því var ekki lofað). Þá var hún með hugmyndir um hvaða auknu ábyrgð lyfjatækna úr framhaldsnáminu gætu tekið og sagði að til stæði að gera nýjar starfslýsingar fyrir þá.

Í djúpvíðtali við lyfjatækni kom fram að mikilvægt væri fyrir framtíð framhaldsnámsins að það yrði metið til launahækkunar og aukinnar ábyrgðar. Undir þetta tók lyfjafræðingur í viðtali, en taldi ekki að þjálfun lyfjatækna hefði verið næg til að þeir gætu allir axlað meiri ábyrgð – að geta axlað ábyrgð væri einnig einstaklingsbundið. Sýna þyrfti að lyfjatækni hefði hlotið lágmarksþjálfun á öllum meginviðum starfsemi sjúkrahúsapóteks og að hann geti tekist á við aukna ábyrgð til að axla hana. Annar lyfjafræðingur, sem hefur komið að kennslu og skipulagi, sagðist bjartsýnn á að útskrifaðir lyfjatækna gætu axlað meiri ábyrgð og sagði að vinna væri þegar hafin við að auka þá ábyrgð. Þá sagði hann að viðræður færu fram á milli lyfjatækna og SFR um hækkun um einhverja launaflokka, en hingað til hefðu lyfjatækna ekki verið sáttir við þá hækkun sem rætt hefur verið um.



Þá verður ekki komist hjá því að nefna aftur að virði menntunarinnar er ekki eins mikið og vonir stóðu til í upphafi að minnsta kosti frá sjónarhóli nemenda hvað snertir að meta obba námsins til ECTS eininga í samvinnu við háskóla. Þar komu stjórnendur Fjölbrautaskólans við Ármúla alls staðar að lokuðum dyrum og enginn íslenskur háskóli vildi bera ábyrgð á slíku mati. Þannig hefur námið ekki sama mikilvægi fyrir hagsmunaaðila þess eins og ella væri.

FRAMTÍÐ FRAMHALDSNÁMS Í SJÚKRAHÚSLYFJATÆKNI OG ÚRBÓTATILLÖGUR

Það bendir til þess að vel hafi tekist til við framkvæmd á flestu í framhaldsnámi í sjúkrahúslyfjatækni. Því ætti það að geta orðið fyrirmynd ef og þegar námið verður endurtekið síðar. Í einu djúpvíðtali kom fram hugmynd að setja mætti á laggirnar framhaldsnám á þremur öðrum sviðum lyfjatækni, það er í almennum apótekum, í framleiðslu og svo í heimahjúkrun.

Faglegar tillögur um tiltekna breytingar á innihaldi námsins verða ekki gerðar hér – að því verða lyfjafræðingar og aðrir sérfræðingar í sjúkrahúslyfjatækni að koma. En af gögnum og því sem rakið hefur verið hér að framan eru eftirfarandi tillögur gerðar:

1. Bæta þarf verklegu þjálfunina. Í því felst að tryggja að nemendur fái þjálfun á öllum meginstöðvum í sjúkrahúspóteki. Til þess þarf að tryggja fullt samstarf um þjálfun við stjórnendur bráðasviðs Landspítalans, yfirlyfjafræðing og starfandi lyfjafræðinga í apóteki Landspítalans. Best væri að gert yrði ráð fyrir þjálfun lyfjatækna í framhaldsnáminu á svipaðan hátt og gert er með nema í lyfjafræði. Ef nemendur í framhaldsnámi lyfjatækna eru starfsmenn sjúkrahúsapóteksins verður að gera ráð fyrir fleiri lyfjatæknum á vakt til að ganga í störf nemanna þegar þeir síðarnefndu eru í þjálfun. Gangi það ekki eftir þarf að huga að því hvort nemendur í framhaldsnáminu verði í fullu námi, en ekki í starfi, og hafa þannig ekki áhrif á mönnun vakta í apótekinu.
2. Það virðist vera sem svo að tækifæri felist í að hanna ferilbækur upp á nýtt, jafnvel að gera þær rafrænar.
3. Kynna þarf áfangalýsingu fyrir öllum kennurum sem koma að kennslu í hverjum áfanga námsins.
4. Tryggja þarf kennslumat í öllum áföngum í náminu, rafrænt eða á pappír, hvar svo sem eiginleg kennsla áfanga fer fram.
5. Mælt er með að hafa opnar spurningar í lok kennslumats í hverjum áfanga, t.d. um hvað sé best við áfangann og hvar séu tækifæri til að bæta, þar sem svör við slíkum opnum spurningum skýra oft ástæðuna fyrir tilteknum einkunum á bak við lokaðar kvarða-spurningar.
6. Aukist umfang námsins, bæði hvað snertir námsbrauta- og nemendafjölda, þarf Fjölbrautaskólinn við Ármúla að tryggja stuðning frá skrifstofu á kennsludögum í meiri mæli en gert var í náminu sem rann sitt skeið í desember 2012.
7. Þá er og mælt með því að rætt verði við útskrifaða nemendur áður en farið verður að auglýsa framhaldsnámið næst, til þess að meta hvað námið hafi fært þeim í aukinni ábyrgð og hærra launum, svo umsækjendur hafi þær upplýsingar við mat á hve fýsilegt námið er.
8. Tryggja þarf upplýsingar um framhaldsnám fyrir lyfjatækna á vefsíðu Fjölbrautaskólans við Ármúla næst þegar það verður keyrt, bæði áður en það hefst og svo á meðan á því stendur. Þannig þarf vefurinn að vera virk upplýsingaveita fyrir nemendur, kennara, stoðdeildir og ekki síst fyrir þá sem eru utan skólans.



9. Þar sem meirihluti námsins er á 4. hæfnisstigi og því mætti meta það til ECTS eininga, er eindregið hvatt til þess að reyna aftur að fá samvinnu við háskóla um mat á náminu, það mun hiklaust auka vægi þess meðal allra hagsmunaaðila þess.



ALMENNT MAT Á NÁMINU

Af öllum gögnum málsins má sjá að vel hefur tekist til með þetta framhaldsnám fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun. Allir nemendurnir voru almennt ánægðir með það sem og allir kennarar, af þeim sem tóku afstöðu, nema einn sem var á milli þess að vera ánægður og óánægður. Þetta er samkvæmt könnun sem gerð var á meðal nemenda og kennara undir lok námsins fyrir jólin 2012 (niðurstöður í heild má finna í viðauka). Þá uppfyllti námið væntingar flestra nemenda vel og allir töldu gæði námsins mikil. Langflestir kennaranna töldu gæði námsins mikil og engin sagði þau lítil.

Þá eru fleiri vísbendingar um velheppnað nám úr könnuninni, t.d. fannst obba nemenda að skipulag námsins væri skilvirkt og enginn sagði það óskilvirkt og allir kennarar sem tóku afstöðu fannst stjórnun námsins fagleg. Nemendur og kennarar nefna og ýmsa kosti þess í opinni spurningu, til að mynda að námið hafi aukið þekkingu og færni nemenda í starfi. Á móti nefndu nokkrir nemendur að eitthvað hafi skort á skipulag í verknáminu og það hefði mátt vera lengra.

Í djúpvíðtali við nemanda, konu, kom fram ánægja á hinn bóginn með verknámið og var hún mjög ánægð með námið í heild sinni, sagði það metnaðarfullt og flott. Einnig sagði hún að námið hefði verið erfitt, en áttað sig eftir á hversu gott það var. Hún var og mjög ánægð með flesta kennarana. Þá kom fram í viðtali við fulltrúa Félags sjúkraliða að hann hefði fylgst vel með nemendunum og almennt væru þeir ánægðir með námið.

Námskrá framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun fyrir er vel unnin og almennt skipulag er ljóst. Áfangalýsingar eru allitarlegar, og lokamarkmið eru sett, bæði fyrir námið í heild sinni og fyrir hvern áfanga. Námsmat er almennt fjölbreytt – bæði verkefni og próf lögð fyrir – og kennslumat í öllum áföngum sem kenndir voru á þremur fyrstu önnunum af fjórum var gott að einum áfanga undanskildum.

Segja má að einu verulegu undantekningarnar á þessu jákvæða mati á framhaldsnámi sjúkraliða í geðhjúkrun séu að ekki fékkst samvinna við háskóla um mat á því til ECTS-eininga og ekki er enn ljóst hvað námið þýðir fyrir nemendur hvað snertir laun og ábyrgð í starfi að því loknu. Reikna má með að erfitt verði um vik að fá háskólana til að viðurkenna námið, þar sem gera má ráð fyrir því að stjórnendur þeirra hafi nóg með að tryggja gæði eigin náms. Að taka þá ábyrgð á þessu námi að meta til ECTS eininga kallar sennilega á allnokkra vinnu af hálfu viðkomandi háskóla, sem fælist í samvinnu á mörgum sviðum um undirbúning námsins og framkvæmd þess. Þó kveðst stjórnandi námsins vera vongóður með samvinnu við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Sjúkraliðafélag Íslands vinnur með útskifuðum nemendum að því að fá námið metið til launahækkunar. Þá er von til þess að hægt verði að skilgreina starf sjúkraliða í geðhjúkrun sem lokið hafa náminu, þótt ekki sé líklegt að formleg aukin ábyrgð í starfi fái.

STJÓRNUN NÁMSINS OG SKIPULAG, GÆÐI, EFTIRLIT OG UTANUMHALD

Framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun hafði alllangan aðdraganda og margir komu að því að móta það, Aðilar komu frá Fjölbrotaskólanum við Ármúla, Sjúkraliðafélagi Íslands, starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina og Landspítalanum. Námskrá var samin, nemendur valdir og kennarar ráðnir. Kennslustjóri sjúkraliðabrautar Fjölbrotaskólans við Ármúla stjórnaði síðan náminu þær fjórar annir sem það stóð yfir.

Öll gögn málsins benda til þess að engu sé ábótavant í skipulagi og stjórnun námsins sem máli skiptir. Einn hópur nemenda stundar námið í senn. Hópurinn inniheldur tiltölulega fáa nemendur og kennara á hverri önn. Eins og fyrr segir töldu allir nemendur að gæði námsins væru mikil og enginn nemandi taldi skipulagið óskilvirkt. Sömu sögu nefndu kennarar um gæði námsins og allir kennararnir sem tóku afstöðu (17 af 22) sögðu stjórnun námsins vera faglega.



Ekkert kom fram í djúpvíðtölum um að stjórnun námsins væri ábótavant í meginatriðum. Fram kom í viðtölunum að aðkoma nemenda að stjórnun, utanumhaldi, gæðum eða að koma á framfæri kvörtunum er ekki formleg. Á hinn bóginn er augljóst að nemendum reyndist mjög auðvelt að koma sjónarmiðum sínum eða kvörtunum á framfæri við stjórnanda námsins og kennara. Ekki er talin ástæða til að setja samskipti nemenda og stjórnanda námsins í formlegan farveg meðan fáir nemendur eru í náminu.

NÁMSEFNI, KENNSLA OG NÁMSMAT

Aðspurðir í könnuninni sögðu allir nemendur framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun nema einn að námið væri krefjandi – þessi eini taldi það í meðallagi mikið/lítið krefjandi. Tíu af fjórtán sögðu það mjög krefjandi. Þá sögðu tíu af fjórtán að námsmatið væri almennt fremur sanngjarnt í áföngunum, þrír sögðu mjög sanngjarnt og einn í meðallagi. Í opnum spurningum í lok könnunar sagði nemandi að flestir kennarar væru góðir, en hann hefði viljað fá meiri sálfræði, en alls fjórir nemendur nefndu í opinni spurningu um helstu úrbætur að meiri sálfræði þyrfti. Annar nemandi sagði að margir kennarar hafi lagt mikinn metnað í kennsluna og þriðji að þetta hafa verið upp til hópa mjög góðir og reyndir kennarar. Þrír nemendur sögðu í opinni spurningu að auka þyrfti verknámið, sem tekið var undir í djúpvíðtölum. Fleiri áhugaverð svör við opnu spurningunum um kosti námsins og úrbætur er að finna í niðurstöðum könnunarinnar í viðauka.

Ellefu kennarar af níttján sem svöruðu í könnuninni sögðu námsefni sitt fremur mikið krefjandi og þrír sögðu það mjög mikið krefjandi. Fjórir kennarar sögðu það í meðallagi krefjandi og einn fremur lítið krefjandi. Þá sögðu 16 af 18 að áherslur þeirra og markmið í áfangalýsingu spegluðust vel í námsmati, en tveir sögðu það speglast í meðallagi vel eða illa. Síðan sögðust 17 kennarar af 18 vera almennt ánægðir með áfangalýsinguna í þeim áfanga sem þeir kenna og einn sagðist vera í meðallagi ánægður eða óánægður. Þá sagði einn kennari í opinni spurningu að helsti kostur námsins væri að kennararnir hefðu góða klíníska færni og reynslu.

Í djúpvíðtali við nemanda, konu, kom fram að hún var almennt mjög ánægð með námsefni, kennslu og námsmat í áföngum framhaldsnámsins. Hún ræddi mörg námskeiðanna á mjög jákvæðan hátt og gaf kennurum háa einkunn. Helst var að henni þótti efni áfangans *Geðhjúkrun* III væri sundurlaust, en nokkrir kennarar komu að kennslunni í honum og prófi áfangans. Þá sagði hún að námsmat hefði verið mjög fjölbreytt í flestum áföngum og próf sanngjörn.

Skýrsluhöfundur hefur undir höndum námskrá framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun, þar sem náminu er bæði lýst almennt sem og hverjum áfanga. Þar er til fyrirmyndar að bæði eru sett fram almenn lokamarkmið með framhaldsnáminu og lokamarkmið fyrir hvern áfanga. Þá liggja þar fyrir allitarlegar lýsingar á hverjum áfanga og stuttlega fjallað um námsmat. Einnig fékk skýrsluhöfundur í hendur kennsluáætlun í flestum áföngum og dæmi um próf og verkefni í mismunandi áföngum. Þar virðist allt vera í góðum farvegi, en ekki gefst ráðrúm í þessari skýrslu að rýna hvort námsmatið prófaði hvort lokamarkmiðum hefði verið náð. Slík rýni kallar á verulega vinnu sérfræðinga á sviði geðhjúkrunar og annarra sérfræðinga í þeim greinum sem kenndar voru í framhaldsnáminu.

Á vef Fjölbrotaskólans við Ármúla, undir Heilbrigðisskólinn, má finna upplýsingar um framhaldsnám sjúkraliða og þar undir er umrædd námskrá fyrir sjúkraliða í geðhjúkrun. Sagt er að það sé fyrirhugað að bjóða upp á framhaldsnám fyrir sjúkraliða haustið 2013, án þess að tilgreina á hvaða sviði. Þá er og nefnt að nánari upplýsingar muni verða birtar síðar. Þetta eru fullrýrar upplýsingar á vef skólans um framhaldsnámið, kennslu, kennara og nemendur þess. Kennslustjóri námsins bendir á að „Ástæða þess að ekki þótti tilefni til þess að hafa ítarlegar upplýsingar um námið á heimasíðu skólans eftir að það var byrjað var einfaldlega sú að nýir nemendur voru ekki teknir inn í námið eftir að það var byrjað. Auk þess var námið tilraunaverkefni og ekki vitað hvenær yrði boðið upp á það aftur.“ Þá voru



nemendur vel upplýstir á meðan á náminu stóð með upplýsingum á innra kerfi skólans (Blackboard), með tölvupóstum og persónulegum samskiptum.

Að lokum skal minnst á að niðurstöður kennslumats níu áfanga af þremur fyrstu önnunum liggur fyrir. Þetta er kennslumat í sex sérhæfðum áföngum framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun og þriggja almennra áfanga sem sjúkraliðar tóku með lyfjatæknum. Um er að ræða niðurstöður 20 spurninga, þar sem allar eru á 1-4 kvarða (hærri tala þýðir betra mat), nema einkunn sem kennarar fengu, sem er á 0-10 kvarða. Almenn er kennslumatið hátt í öllum áföngum nema einum (*Geðhjúkrun III*). Einkunnir eru yfirleitt á bilinu 3-4 þar sem kvarðanum 1-4 er beitt og kennaraeinkunn í sjö áföngum á bilinu 8,8-10,0, í einum er hún 7,7 og í *Geðhjúkrun III* er hún 5,7.

Í tveimur áföngum sem voru sameiginlegir fyrir sjúkraliða og lyfjatækna, *Fagmennska í starfi og Heilbrigðisvísindi*, er matið gott, eða yfirleitt á bilinu 3-4 (kvarði 1-4, þar sem 4 er best) á 19 spurningum matsins og einkunn fyrir kennara (kvarði 0-10) er 8,8 og 8,9. Í þriðja áfanganum, *Upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustunnar*, er matið lægra þótt viðunandi sé – einkunnir á spurningunum með 1-4 kvarðann fara stundum niður fyrir 3 og kennaraeinkunn er 7,7.

Opnar spurningar í kennslumatinu um styrkleika áfanga og tækifæri til úrbóta væru heppilegar þar sem þær skýra oft ástæður hás eða lágs kennslumats og geta varpað ljósi á þætti í kennslunni sem lokaðar spurningar geta ekki. Þá ber hér að vara við of sterkum ályktunum af niðurstöðu kennslumats þegar fáir nemendur meta kennslu í áfanga.

AÐSTAÐA TIL NÁMS OG KENNSLU

Allir kváðu upp úr með það að aðstaða til bóklega námsins í Fjölbrautaskólanum við Ármúla væri til fyrirmyndar, bæði nemendur og kennarar. Fyrst virðist sem að kennt hafi verið í stóra sal skólans, en eftir að kennslan var færð inn í „venjulega“ kennslustofu hafi ánægja nemenda aukist, þar sem nálægð var meiri, kynni tókust við lyfjatækna í sameiginlegum áföngum og samskipti jukust. Þá sagði einn nemandi að nálægð við kennarana hafi aukist með stofubreytingunni. Kennt var tvisvar sinnum í viku kl. 14-18 og var almenn ánægja með þann tíma. Þá er rétt að geta þess hér að þar sem námið er seinni part dags verður aðstoð frá skrifstofu við nemendur og kennara ekki hin sama og við þá sem læra og starfa í hinu hefðbundna námi Fjölbrautaskólans við Ármúla. Stjórnandi námsins þurfti oft að taka slíka aðstoð á sínar herðar sem skrifstofa ætti almennt að geta annast.

GILDI MENNTUNARINNAR AÐ NÁMI LOKNU

Ellefu nemendur framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun sögðu í könnuninni að námið hafi uppfyllt væntingar þeirra vel en þrír sögðu að þær hefðu verið uppfylltar í meðallagi vel eða illa. Ekki er þó ljóst hve mikið nemendur hugsuðu um hagnýtingu námsins eða virði menntunarinnar við að svara þeirri spurningu. Á hinn bóginn sögðu allir nemendurnir að námið hafi nýst þeim vel til að auka hæfni þeirra og þekkingu í starfinu og allir kennararnir voru sömu skoðunar.

Meirihluti nemenda taldi að líklegt væri að þeim yrði falin meiri ábyrgð í starfi að loknu náminu, eða 10 af 14, en tveir töldu það í meðallagi líklegt eða ólíklegt og tveir að það væri fremur ólíklegt. Kennararnir voru ekki síður bjartsýnir, en 15 af 18 kennurum sem svöruðu spurningunni um aukna ábyrgð sögðu það líklegt, en þrír að það væri í meðallagi líklegt eða ólíklegt.

Í svörum við opinni spurningu um helstu kosti námsins nefndu nemendur ýmislegt um nýtingu þess. Til dæmis að námið hafi aukið vísýni, gæfi aukna þekkingu, það nýttist allt vel, væri þroskandi, gerði nemendur hæfari að sinna sjúklingum, væri fræðandi, og yki færni, þekkingu og sjálfsöryggi. Þá sagði einn svarandi að nemendur öðluðust meiri þekkingu á geðsjúkdómum, gætu tekist á við meiri og erfiðari verkefni sem og tekið meiri ábyrgð og betri ákvarðanir. Í hliðstæðri spurningu fyrir kennara



sögðu þeir meðal annars að námið yki færni sjúkraliða til muna og þekkingu þeirra, þeir yrðu hæfari og geta tekið að sér aukin verkefni. Einnig var nefnt að þeir yrðu hæfari og faglegri í starfi, sem og öruggari.

Nemandi í djúpvíðtali, kona, sagði að það ætti einfaldlega eftir að koma í ljós hversu vel námið muni nýtast í starfi, en taldi sig á hinn bóginn hafa lært mikið. Henni fannst að hún ætti að fá meiri ábyrgð, en að það væri undir þeim sjálfum komið og að þau myndu berjast fyrir því. Þá sagði hún að námið hefði gefið sér mikið persónulega og sýn inn í margt sem kannski nýttist ekki beint í starfi.

Í fleiri en einu djúpvíðtali kom fram að best væri að námið myndi pýða hækkun í launum um tilekinn fjölda launaflokka og jafnvel skilgreinda aukna ábyrgð, sem þyrfti þá að tengjast sérstakri starfslýsingu fyrir þá sem ljúka framhaldsnámi fyrir sjúkraliða (í geðhjúkrun eða á öðru sérsviði). Aðrir töldu meinbugi á að þetta væri hægt, a.m.k. væri fólk það misjafnt að erfitt gæti reynst að gefa öllum sem lykju náminu sjálfkrafa aukna ábyrgð. Þá kom fram að Sjúkraliðafélag Íslands og útskriftarnemendurnir væru að vinna í þessu máli, en talið er að tregða sé nokkur í kerfinu sem fást þarf við áður en svona breytingar gætu orðið að veruleika.

Fulltrúi Sjúkraliðafélags Íslands sagði að ef útskriftarhópurinn fengi ekki að axla meiri ábyrgð í starfi væri eins gott að hætta með námið. Fulltrúinn sagði einnig í þessu sambandi að lokamarkmiðin sem skrifuð hefðu verið í námskrána ættu að geta orðið leiðarljós fyrir þá ábyrgð sem útskrifaðir nemendur gætu axlað. Kennari, kona, sagði að erfitt væri að sjá að útskrifaðir nemendur fengju sjálfkrafa aukna ábyrgð í starfi, það væri meira komið undir hverjum og einum starfsmanni. Hún benti jafnframt á að þótt hjúkrunarfræðingar bæti meistaranámi við bakkalárnám fengju þeir ekki sjálfkrafa skilgreinda aukna ábyrgð. Þá taldi hún að skilgreina þyrfti vandlega hvert þetta aukna ábyrgðarsvið ætti að vera, hún sjálf sæi ekki í fljótu bragði hvað það gæti verið. Stjórnandi námsins taldi að útskrifaðir nemendur þyrftu að sanna sig og kannski væru meiri möguleikar á því í heimageðhjúkrun og sambýlum, en á Landspítalanum, þar sem skipulag er í fastmótuðumfarvegi og því meiri tregða til breytinga þar. Þá gæti verið lag að fá Landlækni til að skoða námið og votta um aukna ábyrgð, eins og gert var með sjúkraliða sem luku framhaldsnámi í öldrun.

Þá verður ekki komist hjá því að nefna aftur að virði menntunarinnar er ekki eins mikið og vonir stóðu til í upphafi að minnsta kosti frá sjónarhóli nemenda hvað snertir að meta obba námsins til ECTS eininga í samvinnu við háskóla. Þar komu stjórnendur Fjölbrotaskólans við Ármúla alls staðar að lokuðum dyrum og enginn íslenskur háskóli vildi bera ábyrgð á slíku mati. Þannig hefur námið ekki sama mikilvægi fyrir hagsmunaaðila þess eins og ella væri.

FRAMTÍÐ FRAMHALDSNÁMS FYRIR SJÚKRALIÐA Í GEÐHJÚKRUN OG ÚRBÓTATILLÖGUR

Flest bendir til þess að vel hafi tekist til við framkvæmd framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun. Því ætti það að geta orðið að hluta fyrirmynd að endurnýjuðu framhaldsnámi í öldrun fyrir sjúkraliða, sem áætlað er að hefjist haustið 2013. Sér í lagi má auðvitað nota framkvæmd framhaldsnáms sjúkraliða í geðhjúkrun sem fyrirmynd ef og þegar það verður endurtekið síðar.

Faglegar tillögur um tiltekna breytingar á innihaldi námsins verða ekki gerðar hér – að því verða sérfræðingar í starfi sjúkraliða og í geðhjúkrun að koma. En af gögnum málsins og því sem rakið hefur verið hér að framan eru eftirfarandi tillögur gerðar:

1. Áfangann *Geðhjúkrunarfræði III* þyrfti að endurskoða. Nú er ekki víst hvort innihaldi hans sé ábótavant eða framkvæmd kennslunnar, eða jafnvel hvoru tveggja, en ljóst er af kennslumati og tveimur djúpvíðtölum að taka má til í honum.



2. Athuga þarf hvort ekki þurfi meiri verklega þjálfun, þ.e. fleiri tíma í þeim áföngum þar sem hún var þáttur í.
3. Athuga þarf hvort auka þurfi kennslu í sálfræði.
4. Mælt er með að hafa opnar spurningar í lok kennslumats í hverjum áfanga, t.d. um hvað sé best við áfangann og hvar séu tækifæri til að bæta, þar sem svör við slíkum opnum spurningum skýra oft ástæðuna fyrir tilteknum einkunum á bak við lokaðar kvarða-spurningar.
5. Aukist umfang námsins, bæði hvað snertir námsbrauta- og nemendafjölda, þarf Fjölbrautaskólinn við Ármúla að tryggja stuðning frá skrifstofu á kennsludögum í meiri mæli en gert var í náminu sem rann sitt skeið í desember 2012.
6. Tryggja þarf nægar upplýsingar um framhaldsnám fyrir sjúkraliða á vefsíðu Fjölbrautaskólans við Ármúla næst þegar það verður kennt, bæði áður en það hefst og svo á meðan á því stendur. Þannig að vefurinn sé virk upplýsingaveita fyrir nemendur, kennara, stoðdeildir og ekki síst fyrir þá sem eru utan skólans.
7. Þá er og mælt með því að rætt verði við útskrifaða nemendur áður en farið verður að auglýsa framhaldsnámið næst, til þess að meta hvað námið hafi fært þeim í aukinni ábyrgð og hærri launum, svo umsækjendur hafi þær upplýsingar við mat á hve fýsilegt námið er.
8. Þar sem meirihluti námsins er á 4. hæfnisstigi og því mætti meta það til ECTS eininga, er eindregið hvatt til þess að reyna aftur að fá samvinnu við háskóla um mat á náminu, þ.e. annað hvort hjúkrunarfræðideildina við HÍ eða við HA. Því fyrir sem þeim væri boðið að koma að undirbúningi, því líklegra er að það takist. Samvinna við háskóla mun hiklaust auka vægi framhaldsnámsins meðal allra hagsmunaaðila þess.



**NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR
MEÐAL NEMENDA FRAMHALDSNÁMSBRAUTANNA**



**NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR
MEÐAL KENNARA FRAMHALDSNÁMSBRAUTANNA**